

Fundarnúmer:	562
Dagsetning:	13.10.2008
Tími:	15:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

562. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 13. október 2008 kl. 10:00 í fundarsal að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá:

1. Viðræður við Guðrunu Kloes, atvinnuráðgjafa SSNV.
2. Bréf EBÍ. Ágóðahlutagreiðsla 2008.
3. Bréf Félags eldri borgara í Vestur-Húnavatnssýslu.
4. Drög að verklagsreglum um starfsmannaráðningar.

Afgreiðslur:

1. Guðrun Kloes, atvinnuráðgjafi SSNV er mætt til viðræðna við byggðarráð um fyrirhugaða atvinnulífssýningu Húnavatnssýslna í Perlunni í febrúarmánuði nk. Greindi hún byggðarráði frá undirbúningi sýningarinnar m.a. gerð dagskrár, kostnaðaráætlunar, samskiptum við aðila í atvinnulífi á svæðinu og mögulegum styrktaraðilum. Byggðarráð tekur jákvætt í framkomid erindi þar sem óskað var eftir fjárstuðningi við verkefnið og vísar því til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2009.
2. Fram lagt bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands ehf. Í bréfinu er tilkynnt um ágóðahlutagreiðslu til Húnaþings vestra vegna ársins 2008 alls kr. 3.564.000-
3. Fram lagt bréf Félags eldri borgara í Vestur-Húnavatnssýslu þar sem óskað er eftir fjárstuðningi til félagsins á árinu 2009. Samþykkt að vísa erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2009.
4. Samþykkt að fresta umræðu um drög að verklagsreglum um starfsmannaráðningar. Sveitarstjóra falið að vinna frekar að verklagsreglunum í samræmi við framkomnar ábendingar.

Samþykkt að taka á dagskrá:

5. Oddur Gíslason, félagsmálastjóri ræddi við byggðarráð um stöðu félagsþjónustu sveitarfélagsins og úrræði sem í boði eru vegna þeirrar stöðu uppi er í efnahagsmálum þjóðarinnar.
6. Í tengslum við endurskoðun Samgönguáætlunar felur byggðarráð sveitarstjóra að skrifa bréf til samgöngunefndar Alþingis þar sem áhersluatriði sveitarstjórnar komi fram. Sveitarstjóra einnig falið að skrifa bréf til Vegagerðarinnar þar sem hvatt verði til nauðsynlegra úrbóta á gatnamótum Hringvegur og Miðfjarðarvegur við Laugarbakka.
7. Byggðarráð samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn þann 12. nóvember nk. kl. 13:00.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:25

Heimir Ágústsson(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
 Rakel Runólfsdóttir(sign.), Elín R. Líndal(sign.),
 Áheyrnarfulltrúi:
 Oddur Sigurðarson(sign.).